

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurskoðun ákvæða samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins

Borgarstjórn samþykkir að óska eftir viðræðum um að ákvæði samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins frá 26. september 2019 verði endurskoðuð, ekki síst hvað varðar framkvæmda- og fjárstreymisáætlun, með það fyrir augum að tryggja farsæla framvindu og framkvæmd nauðsynlegra samgöngubóta í Reykjavík.

Greinargerð:

I. Framkvæmda- og fjárstreymisáætlun ekki staðist

Samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins var undirritaður þann 26. september 2019 og átti að tryggja stóraukin framlög til nauðsynlegra samgönguframkvæmda á svæðinu og breiða fjárfestingu í fjölbreyttum samgöngum. Í 5. gr. sáttmálans eru tilgreindar þær framkvæmdir sem aðilar gerðust ásáttir um að flýta. Í 9. gr. sáttmálans er svo vísað til viðauka I, sem telst hluti af sáttmálanum, en þar er tilgreind framkvæmda- og fjárstreymisáætlun fyrir sáttmálann.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks hafa frá upphafi lagt áherslu á að gætt verði að tímaáætlunum framkvæmda og ráðdeild hvað varðar framkvæmdakostnað. Löngu tímabært sé að ráðast í umfangsmiklar samgöngubætur á höfuðborgarsvæðinu og að mikilvægt sé að vanda til verka.

Nú hefur orðið ljóst að tæpum fjórum árum eftir undirritun sáttmálans er engri þeirra framkvæmda sem aðilar gerðust ásáttir um að flýta, nú lokið. Sem dæmi mætti nefna gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar, tengingu Arnarnesvegar við Breiðholtsbraut og stafræna umferðarljósastýringu. Jafnframt hefur framkvæmda- og fjárstreymisáætlun ekki staðist og t.d. farið langt umfram verðbættar áætlanir hvað varðar Sæbrautarstokk.

II. Óvissa með fjármögnun og rekstraráætlun

Enn hefur ekki verið lögð fram rekstraráætlun eða skýrar rekstrarforsendur fyrir Borgarlínu. Mikilvægt er að hvoru tveggja liggi fyrir áður en lengra er haldið með fjárfestinguna.

Enn ríkir gríðarleg óvissa um fjármögnun samgöngusáttmálans. Ein af tilgreindum forsendum fjármögnunarinnar er sú að ríkið lögfesti heimildir til álagningar tafa- og flýtigjalda í umferðinni eða að tryggð verði önnur fjármögnun í tengslum við breytingar á opinberri álagningu á ökutæki og umferð. Engin slík löggjöf hefur litið dagsins ljós frá innleiðingu sáttmálans og virðist samþykkt slíkrar löggjafar ekki vera í auglýsingu.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík áréttar að fulltrúar hans hafa hafnað tafa- og umferðargjöldum nema þau komi í stað olíu- og bensínskatta, samhliða orkuskiptum, og leiði þar með ekki til skattahækkana á íbúa Reykjavíkur.

III. Endurskoðunarákvæði virkjað

Af framanrituðu má ljóst vera að margvíslegar forsendur sáttmálans eru nú brostnar. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar telur Sjálfstæðisflokkurinn rétt að beita svokölluðu endurskoðunarákvæði 7. gr. samgöngusáttmálans, þannig að Reykjavíkurborg óski eftir viðræðum við aðra samningsaðila um endurskoðun ákvæða samgöngusáttmálans, með það fyrir augum að tryggja farsæla framvindu og framkvæmd nauðsynlegra samgöngubóta í Reykjavík.